

ÍSAN3NB05

Búið til: Wed, 31 Jan 2024 10:27:05 GMT

Titill

Nútímabókmenntir

Skammstöfun

ÍSAN3NB05

Útgáfunúmer

8

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

Nútímabókmenntir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur kynna sér bókmenntir 20. og 21. aldar og lesa eina skáldsögu er tengist tímabilinu. Þeir læra að tengja texta við bókmenntastefnur og setja í samhengi við ritunartíma og samtíma. Í áfanganum er lögð áhersla á ritgerðarsmíð og heimildavinnu nemenda.

Forkröfur

10 einingar ÍSAN á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu bókmenntastefnum tímabilsins
- helstu skáldverkum tímabilsins og höfundum þeirra
- íslenskum hugtökum er notuð eru við greiningu bókmenntatexta
- reglum um uppsetningu ritgerða og vísun í heimildir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina bókmenntatexta frá tímabilinu
- nota hjálparforrit og efni af neti við textagreiningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig í ræðu og riti um innihald bókmennta tímabilsins
- átta sig á atriðum í íslensku samfélagi sem tengjast bókmenntum tímabilsins
- rökstyðja skoðun sína á bókmenntaverki sem viðkomandi hefur kynnt sér
- skrifa bókmenntaritgerð

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt prófum sem lögð eru fyrir reglulega.

Skólar

